

1. maí 2024 - Akranes

Sterk hreyfing - Sterkt samfélag

Ágætu félagar,

ég vil byrja á því að óska ykkur hjartanlega til hamingju með daginn okkar allra, það er mér sannur heiður að fá að standa hér í dag og ávarpa þessa samkomu.

Við erum svo lánsöm að geta komið hér saman í landi allsnægtanna, hugdjörf og áræðin eftir kraftmikla kröfugöngu og þétt raðirnar á þessum baráttufundi, eins og við höfum gert í rúm 100 ár.

Yfirskrift dagsins, **Sterk hreyfing - Sterkt samfélag** minnir okkur á að við höfum mikilvægu hlutverki að gegna. Við erum grasrótin, launafólk sameinað í öflugri hreyfingu sem hefur breytt samfélaginu og tryggt þau réttindi sem við búum við í dag og tökum jafnvel sem sjálfsögðum hlut. Þessi yfirskrift er líka tækifæri til að rifja upp okkar sameiginlegu markmið og vinna að þeim með krafti og samstöðu. Því saman erum við sterk. Við vinnum betur og náum meiri árangri sameinuð en sundruð.

Við búum í samfélagi sem hefur alla burði til sanngjarnrar skiptingu gæða svo enginn þurfi að líða skort. Samfélagið okkar hefur liðið fyrir stór áföll undanfarið, heimsfaraldur, stríð og jarðhræringar hafa sett sitt mark á síðustu ár. Samt stendur íslenskt atvinnulíf styrkum fótum og ef marka má afkomutölur hefur staða fyrirtækja sjaldan verið betri. Útflutningsgreinarnar okkar standa vel og ferðaþjónustan hefur tekið vel við sér. Veisluborðið er dúkað og hlaðið kræsingum, en það fá ekki allir að sitja við það.

Rúm 40% félagsmanna aðildarfélaganna SGS eiga erfitt með að ná endum saman. Þegar launin klárast er aðeins of mikið eftir af mánuðinum. Á Íslandi búa í það minnsta 10.000 börn við fátækt, eða 13% íslenskra barna. Skuldsettar fjölskyldur eru í vanda staddar og það er síst betra að vera föst á leigumarkaði þar sem engar leikreglur virðast vera í heiðri hafðar og leigan er jafnvel hækkuð nokkrum sinnum yfir árið. En ekki má hækka launin svo neinu nemi. Nei - segja þau sem hafa það að aðalatvinnu að tryggja verðstöðugleika á Íslandi. Hækki launin eða verði tilfærslukerfin lagfærð fer allt í stjórnlausu vitleysu, fólk kaupir sér bara sófasett og ferð til Tene. Og af því ég er nýbúin að ljúka afplánun í Karphúsinu, og ekkert vera að fara með þetta lengra en út fyrir þennan litla hóp hér, áhyggjur af sófakaupum og utanlandsferðum taxtalaunafólks voru í alvörunni viðraðar við samningaborðið í vetur.

Góðir félagar.

Þeir kjarasamningar sem við í SGS ásamt meirihluta vinnumarkaðarins gengum frá nú í mars verða að kallast hófstílltir. Þeir fólu í sér hóflega hækkun launa í langtímakjarasamningi til að skapa skilyrði fyrir minni verðbólgu, lækkun vaxta og stöðugleika til lengri tíma fyrir heimilin og samfélagið allt. Þensla á sér ekki stað hjá láglaunafólki. Hún myndast heldur ekki hjá öryrkjum eða eldri borgurum. Við stóðum við okkar og nú krefjumst við þess að aðrir standi við sitt, stilli verðlagi í hóf og varpi ekki hækkunum viðstöðulaust á herðar neytenda eins og vant er. Og því verður fylgt eftir af fullum þunga, enda eru skýr endurskoðunarákvæði skrifuð í samninginn náist markmið hans ekki.

...

Í aðdraganda kjarasamninganna tókum við þó einn hóp út fyrir sviga. Þegar samninganefnd Starfsgreinasambandsins hóf undirbúning að viðræðum var gerð skýr krafa um að lagfæra og leiðrétt kjör starfsfólks í ræstingum. Að taka til hjá fólkinu sem tekur til hjá okkur. Og til þess nutum við dyggs stuðnings félaga okkar í Eflingu og iðnaðarmanna í Samiðn og Byggiðn.

Þessi krafa okkar var ekki úr lausu lofti gripin, langt í frá. Hjá hinu opinbera hefur mörgum þessara starfa verið útvistað. Til að spara nokkrar krónur hefur starfsfólki á lægstu laununum verið sagt upp og verk þeirra boðin út. Flest útboð opinberra aðila og stærri fyrirtækja byggjast á því að lægsta tilboði skuli tekið.

Þegar einkafyrirtæki býður í verk og segist geta boðið lægra verð en samt sem áður veitt sömu þjónustu er vert að staldra við og hugsa sig aðeins um. Eina leiðin til að það gangi upp er að lækka laun starfsfólksins, láta fólk hlaupa ennþá hraðar, bjóða upp á verri starfsaðstæður, nú eða skila verra dagsverki. Allt í nafni sparnaðar. Þetta er ósýnilega fólkið sem oft keyrir á milli vinnustaða en tilheyrir þó engum þeirra. Þeim er ekki endilega boðið á jólahlaðborðið eða árshátíðina, koma kannski ekki á kaffistofuna þannig að þú veist ekki hvað þau heita, þau eru ekki hluti af hópnum.

Í september síðastliðnum gaf Varða, Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins út skýrslu um stöðu og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar. Skýrslan var ansi svört og það var hún sem kveikti í okkur bál. Niðurstöður hennar sýndu, svo ekki verður um villst, að fjárhagsstaða þessa hóps er verri en þeirra sem eru í öðrum störfum á öllum þeim heildarmælikvörðum sem notaðir eru til að meta fjárhagsstöðu, og ég ætla að nefna nokkur dæmi:

- Fólk sem starfar við ræstingar er 70% líklegra en þau sem eru í öðrum störfum til þess að búa við skort á efnislegum gæðum, en með efnislegum gæðum er t.d. átt við að geta farið í árlegt frí með fjölskyldunni, að hafa efni á næringarríkum mat, að geta rekið bíl, og þess háttar atriði.
- Meirihluti þeirra býr í leiguhúsnæði og húsnæðiskostnaður er þung byrði.
- Það er áberandi í könnuninni að fleiri í ræstingum meta sína líkamlegu og andlegu heilsu mjög slæma, miðað við önnur störf.
- 60% eiga erfitt með að ná endum saman og tæpur helmingur þeirra gæti ekki mætt óvæntum 80þ króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar, og þessu tengt hafa þau sem starfa við ræstingar í mun meira mæli þurft að taka smálán eða önnur skammtímalán í samanburði við aðra á vinnumarkaði.

Slæm fjárhagsstaða hefur ekki einungis áhrif á lífsskilyrði þessara félaga okkar heldur einnig á aðstæður barna þeirra en sökum fjárhagsstöðu sinnar er þessi hópur mun líklegri til að geta ekki greitt fyrir grundvallarþætti fyrir börnin eins og nauðsynlegan klæðnað, næringarríkan mat, tómstundir og félagslíf í tengslum við skólastarf - að geta mætt á skemmtanir eða með gjöf í afmælisveislu bekkjarfélaga.

Við ræstingar starfa 75% konur og 25% karlar og 78% eru af erlendum uppruna. Konur og útlendingar. Lægst launaða fólkið í okkar samfélagi. Þarna var greinilega verk að vinna. Og þetta var barningur framan af. Nokkur af aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins funduðu með sínum samninganefndum og voru komin með heimild til verkfallsboðunar meðal ræstingarfólks, m.a. hér á Akranesi. En áður en til þess þurfti að koma tókst okkur, án átaka, að ganga frá kjarasamningi þar sem hlutur þessa hóps var réttur verulega. Einnig var samið um að taka útboðsmálin föstum tókum, greina stöðu útboðsmála í ræstingu og móta æskilegar útboðsaðferðir til að tryggja að útboð taki í meira mæli mið af hæfni og gæðum.

Þótt við í SGS séum stolt af þessum árangri er ég hugsí yfir því að það þurfi, með handafli, að leiðrétta kjör í einni starfsgrein á þennan hátt. Að það skuli ekki gefa augaleið að við getum ekki boðið upp á vinnumarkað þar sem laun duga ekki til framfærslu, þar sem fólk nær aldrei að leggja fyrir krónu af sínum launum og komast út af óhugnalegum leigumarkaðnum í öruggt húskjól. Að í samfélagi þar sem við öll eigum að geta haft það gott, sé misskiptingin ennþá nánast áþreifanleg. Baráttunni er hvergi nærri lokið og við verðum að halda ótrauð og óhrædd áfram.

...

Kæru félagar.

Mig langar að nota tækifærið og hvetja ykkur öll til að vera virk í starfi stéttarfélaganna. Greiddu atkvæði um kjarasamninga, taktu þátt í að móta kröfugerðir, leggðu þínu félagi lið. Vantar trúnaðarmann á vinnustaðinn þinn? Gefðu kost á þér, hvettu vinnufélaga til að gera slíkt hið sama. Ekki hika við að vekja athygli á óréttlæti þar sem þess verður vart, og benda á það sem betur má fara á þínum vinnustað. Þú þarft ekki endilega að reyna óréttlætið á eigin skinni til að berjast gegn því, mín reynsla er sú að oft eru þau sem misrétti eru beitt iðulega í erfiðri stöðu til að berjast gegn því. Þjóddu fram aðstoð, reyndu að greiða leið ef þú getur.

Með sameiginlegri baráttu fyrir bættum kjörum hefur launafólk unnið marga frækna sigra. Órofa samstaða er helsti styrkur okkar og hana sýnum við meðal annars með því að koma hér saman í dag, á baráttudegi verkalyðsins, og sýna að við erum tilbúin að halda áfram baráttunni fyrir betra og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll. Framtíðin er okkar og ef við snúum bökum saman þá verður hún björt.

Góðir félagar, til hamingju með daginn, megið þið eiga gleðilegan baráttudag.

Björg Bjarnadóttir, frkv.stjóri SGS